

Reglugerð um framkvæmd reglugerða nr. 446/2005 og nr. 511/2005, að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í eldisdýrum.

1. gr.

Skilyrði fyrir því að yfirráðasvæði teljist laust við sjúkdóma.

Í I. kafla I. viðauka við þessa reglugerð er mælt fyrir um þau skilyrði sem ber að uppfylla áður en yfirráðasvæði telst laust við einn eða fleiri af þeim sjúkdómum sem eru tilgreindir í III. skrá í 1. dálki, viðauka A við reglugerð nr. 446/2005 og reglugerð nr. 511/2005.

2. gr.

Yfirráðasvæði sem teljast laus við sjúkdóma.

Yfirráðasvæðin, sem eru tilgreind í II. kafla I. viðauka við þessa reglugerð, teljast laus við sjúkdómana sem eru tilgreindir í III. skrá í 1. dálki, viðauka A við reglugerð nr. 446/2005 og reglugerð nr. 511/2005.

3. gr.

Viðmiðanir fyrir varnar- og útrýmingaráætlanir.

Í I. kafla II. viðauka við þessa reglugerð er mælt fyrir um þær viðmiðanir sem aðildarríkin skulu beita samkvæmt varnar- og útrýmingaráætlun með tilliti til eins eða fleiri þeirra sjúkdóma sem eru tilgreindir í III. skrá í 1. dálki, viðauka A við reglugerð nr. 446/2005 og reglugerð nr. 511/2005.

4. gr.

Samþykki fyrir varnar- og útrýmingaráætlunum.

Samþykktar eru varnar- og útrýmingaráætlanir fyrir yfirráðasvæðin, sem eru tilgreind í II. kafla II. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Viðbótarábyrgðir.

1. Lifandi eldisfiskur ásamt hrognum og sviljum, sem eru flutt á yfirráðasvæðin sem eru tilgreind í II. kafla I. viðauka eða II. kafla II. viðauka, skulu vera í samræmi við þær ábyrgðir, þ.m.t. ábyrgð á umbúðum og merkingum, og þær sértæku viðbótarkröfur, sem mælt er fyrir um í heilbrigðisvottorðinu, sem er útbúið í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka, að teknu tilliti til skýringa í IV. viðauka.
2. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., gilda ekki um hrogn til manneldis sem eru flutt á yfirráðasvæðin sem eru tilgreind í II. kafla I. viðauka eða II. kafla II. viðauka.
3. Halda skal viðbótarábyrgðum þegar kröfum, sem mælt er fyrir um í V. viðauka, er fullnægt.

6. gr.

Flutningar.

Lifandi eldisfiskur ásamt hrognum og sviljum, sem eru flutt á yfirráðasvæðin sem eru tilgreind í II. kafla I. viðauka eða II. kafla II. viðauka, skal flytja við skilyrði sem valda ekki breytingu á heilbrigðisástandi eða tefla heilbrigðisástandi þeirra í tvísýnu á viðtökustað.

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar. Reglugerðin er sett til innleiðingar á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/453 frá 29. apríl 2004. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. febrúar 2008.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

VIÐAUKAR
(sjá PDF-skjal)

I. Viðauki

Sú staða að vera laus við sjúkdóma

I. kafli

Skilyrði fyrir því að ná þeirri stöðu að vera laus við sjúkdóma

A. Sjúkdómalaust land

Aðildarríki skal teljast laust við sjúkdóm ef engin hinna smitnæmu tegunda finnst þar eða það uppfyllir skilyrði 1. eða 2. liðar hér á eftir.

Ef aðildarríki deilir vatnasviði með einu eða fleiri aðildarríkjum er einungis hægt að staðfesta að landið sé laust við sjúkdóma ef staðfest er að öll sameiginlegu vatnasviðin séu svæði sem eru laus við sjúkdóma í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

1. Aðildarríki, þar sem ekki hefur greinst neitt sjúkdómstilvik a.m.k. síðastliðin 25 ár, þrátt fyrir að skilyrði hafi verið þannig að þau hefðu getað stuðlað að því að klínísk einkenni hans kæmu fram, getur einungis talist laust við sjúkdóminn ef

1.1. grundvallaröryggiskröfur í tengslum við sjúkdóminn hafa verið fyrir hendi a.m.k. næstliðin 10 ár samfellt. Grundvallaröryggiskröfurnar skulu vera a.m.k. eftirfarandi:

a) skylt er að tilkynna sjúkdóminn, þ.m.t. að tilkynna grun um hann, til lögbærs yfirvalds,

b) í landinu skal vera kerfi til þess að tryggja hraðgreiningu á einkennum sjúkdóms, nýju sjúkdómsástandi eða óskýrðum afföllum hjá lagardýrum í eldisfyrirtæki eða í náttúrunni og tryggja skjóta tilkynningu þar að lútandi til lögbærs yfirvalds, svo að hægt sé að hefja greiningartengdar rannsóknir eins skjótt og unnt er, sem gerir lögbæru yfirvaldi kleift að rannsaka sjúkdóma og tilkynna um þá og tekur til aðgangs að rannsóknarstofum, þar sem unnt er að greina og gera greinarmun á viðkomandi sjúkdómum, og tekur einnig til þjálfunar dýralækna eða sérfræðinga í heilbrigði fiska í því að greina og tilkynna um sjaldgæf sjúkdómstilvik. Slíkt hraðgreiningarkerfi skal a.m.k. byggjast á eftirfarandi:

i) því að starfsfólk, sem starfar í eldisfyrirtækjum eða sem kemur að vinnslu, skal almennt vera meðvitað um dæmigerð einkenni tilgreindu sjúkdómanna,

ii) dýralæknum eða sérfræðingum í heilbrigði lagardýra sem eru þjálfaðir í að þekkja og tilkynna um grunsamleg sjúkdómstilvik,

iii) getu lögbærs yfirvalds til þess að rannsaka sjúkdóma á skjótan og skilvirkan hátt,

iv) aðgangi lögbærs yfirvalds að rannsóknarstofum sem eru með aðstöðu til þess að greina og gera greinarmun á skráðum og nýtilkomnum sjúkdómum,

1.2. ekki er vitað til þess að smit hafi verið staðfest í villtum stofnum,

1.3. fyrir hendi eru skilyrði í viðskiptum og innflutningi til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn berist inn í aðildarríkið.

2. Aðildarríki, þar sem síðasta þekkta klíníska tilvikið kom upp á næstliðnum 25 árum eða þar sem engin dæmi voru um sýkingu áður en markvisst eftirlit hófst, t.d. vegna þess að skilyrði voru ekki þannig að þau hefðu getað stuðlað að því að klínísk einkenni kæmu fram, getur talist laust við sjúkdóminn ef:

2.1. það uppfyllir þær grundvallaröryggiskröfur sem lýst er í lið 1.1 og

2.2. markvisst eftirlit hefur átt sér stað í a.m.k. tvö ár í eldisfyrirtækjum þar sem einhverjar hinna smitnæmu tegunda eru haldnar án þess að sýkillinn hafi greinst. Ef í landinu eru svæði, þar sem eftirlit með eldisfyrirtækjum eitt og sér veitir ekki nægar faraldsfræðiupplýsingar (þar sem fjöldi eldisfyrirtækja er takmarkaður), en þar fyrirfinnast villtir stofnar af einhverjum hinna smitnæmu tegunda, skal markvissa eftirlitið taka til þessara villtu stofna. Sýnatökuaðferðirnar og stærðir sýnanna skulu vera a.m.k. jafngildar

þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2001/183/EB eða viðkomandi köflum alþjóðaheilbrigðisreglna Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr (OIE International Aquatic Animal Health Code) og handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir á lagardýrum (OIE Manual of Diagnostic Tests for Aquatic Animals). Greiningaraðferðirnar skulu vera a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í viðkomandi köflum handbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir á lagardýrum.

B. Sjúkdómalaus svæði

Heimilt er að koma á fót sjúkdómalausum svæði á yfirráðasvæði eins af aðildarríkjunum, þar sem smit er fyrir hendi eða engin sjúkdómstilvik hafa komið upp, ef engin hinna smitnæmu tegunda fyrirfinnst á svæðinu eða svæðið uppfyllir skilyrðin sem um getur í 1. eða 2. lið hér á eftir.

Slík sjúkdómalaus svæði skulu taka til: vatnasviðs í heild sinni, eins eða fleiri, frá upptökum vatnsfallanna til sjávar eða hluta vatnasviðs frá upptökunum að náttúrulegri eða tilbúinni hindrun sem kemur í veg fyrir að fiskurinn gangi upp frá neðri hlutum vatnsfallsins. Lögbært yfirvald skal afmarka slík svæði greinilega á korti af yfirráðasvæði viðkomandi lands.

Ef vatnasvið nær til fleiri en eins aðildarríkis er einungis hægt að staðfesta það sem sjúkdómalaust svæði ef skilyrðin, sem gerð er grein fyrir hér á eftir, eiga við um allt svæðið. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu sækja um samþykki fyrir svæðið.

1. Svæði, þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik sjúkdóms a.m.k. síðastliðin 25 ár, þrátt fyrir að skilyrði hafi verið þannig að þau hefðu getað stuðlað að því að klínísk einkenni hans kæmu fram, getur einungis talist laust við sjúkdóminn ef:

1.1. grundvallaröryggiskröfur hafa verið fyrir hendi a.m.k. næstliðin 10 ár samfelld.

Grundvallaröryggiskröfurnar skulu vera a.m.k. eftirfarandi:

a) skylt er að tilkynna sjúkdóminn, þ.m.t. að tilkynna grun um hann, til lögbærs yfirvalds,

b) í landinu skal vera kerfi til þess að tryggja hraðgreiningu á einkennum sjúkdóms, nýju sjúkdómsástandi eða óskýrðum afföllum hjá lagardýrum í eldisfyrirtækjum eða í náttúrunni og tryggja skjóta tilkynningu þar að lútandi til lögbærs yfirvalds, svo að hægt sé að hefja greiningartengdar rannsóknir eins skjótt og unnt er, sem gerir lögbæru yfirvaldi kleift að rannsaka sjúkdóma og tilkynna um þá og tekur til aðgangs að rannsóknarstofum, þar sem unnt er að greina og gera greinarmun á viðkomandi sjúkdómum, og tekur einnig til þjálfunar dýralækna eða sérfræðinga í heilbrigði fiska í því að greina og tilkynna um sjaldgæf sjúkdómstilvik. Slíkt hraðgreiningarkerfi skal a.m.k. byggjast á eftirfarandi:

i) því að starfsfólk, sem starfar í eldisfyrirtækjum eða sem kemur að vinnslu, skal almennt vera meðvitað um dæmigerð einkenni tilgreindu sjúkdómanna,

ii) dýralæknum eða sérfræðingum í heilbrigði lagardýra sem eru þjálfðir í að þekkja og tilkynna um grunsamleg sjúkdómstilvik,

iii) getu lögbærs yfirvalds til þess að rannsaka sjúkdóma á skjótan og skilvirkan hátt,

iv) aðgangi lögbærs yfirvalds að rannsóknarstofum sem eru með aðstöðu til þess að greina og gera greinarmun á skráðum og nýtilkomnum sjúkdómum,

1.2. ekki er vitað til þess að smit hafi verið staðfest í villtum stofnum,

1.3. fyrir hendi eru skilyrði í viðskiptum og innflutningi til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn berist inn á svæðið.

2. Svæði, þar sem síðasta þekkta klíníska tilvikið kom upp á næstliðnum 25 árum eða þar sem engin dæmi voru um sýkingu áður en markvisst eftirlit hófst, t.d. vegna þess að skilyrði voru ekki þannig að þau hefðu getað stuðlað að því að klínísk einkenni kæmu fram, getur talist laust við sjúkdóminn ef:

2.1. það uppfyllir þær grundvallaröryggiskröfur sem lýst er í lið 1.1,

2.2. markvisst eftirlit hefur átt sér stað í a.m.k. tvö ár í eldisfyrirtækjum þar sem einhverjar hinna smitnæmu tegunda eru haldnar án þess að sýkillinn hafi greinst. Ef eftirlit í eldisfyrirtækjum eitt og sér veitir ekki nægar faraldsfræðiupplýsingar (þar sem fjöldi eldisfyrirtækja er takmarkaður), en þar fyrirfinnast villtir stofnar af einhverjum hinna smitnæmu tegunda, skal markvissa eftirlitið taka til þessara villtu stofna.

Sýnatökuaðferðirnar og stærðir sýnanna skulu vera a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2001/183/EB eða viðkomandi köflum alþjóðaheilbrigðisreglna Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr og handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir á lagardýrum.

Greiningaraðferðirnar skulu vera a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í viðkomandi köflum handbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir á lagardýrum.

II. kafli

Yfirráðasvæði sem viðurkennt er að hafi þá stöðu að vera laus við tiltekna sjúkdóma sem um getur í III. skrá í 1. dálki viðauka A við tilskipun 91/67/EBE

Sjúkdómur	Aðildarríki	Yfirráðasvæði eða hlutar yfirráðasvæðis
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Danmörk	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	Allt yfirráðasvæðið en vatnasvið árinna Vuoksi skal teljast sóttvarnabelti.
	Írland	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	Norður-Írland, Mön, Jersey og Guernsey
Nýrnaveiki (BKD)	Írland	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	Norður-Írland, Mön og Jersey
Brisdrep (IPN)	Finnland	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess en vatnasvið árinna Vuoksi og árinna Kemijoki skulu teljast sóttvarnabelti.
	Svíþjóð	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	Mön
Sýking roðflyðrusýkils (<i>Gyrodactylus salaris</i>)	Finnland	Vatnasvið Tenojoki og Näätämönjoki en vatnasvið Paatsjoki, Luttojoki og Uutuanjoki teljast sóttvarnabelti.
	Írland	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	Stóra-Bretland, Norður-Írland, Mön, Jersey og Guernsey

II. Viðauki

Varnar- og útrýmingaráætlanir

I. kafli

Lágmarksviðmiðanir fyrir áætlun um varnir gegn tilteknum sjúkdómum, sem um getur í III. skrá í 1. dálki viðauka A við tilskipun 91/67/EBE, og útrýmingu þeirra

A. Lágmarksviðmiðanir, sem aðildarríkjunum ber að styðjast við, samkvæmt samþykkttri varnar- og útrýmingaráætlun eru eftirfarandi:

1. Skyld er að tilkynna sjúkdóminn, þ.m.t. að tilkynna grun um hann, til lögbærs yfirvalds.
2. Í landinu skal vera kerfi til þess að tryggja hraðgreiningu á einkennum viðkomandi sjúkdóms hjá lagardýrum í eldisfyrirtæki eða í náttúrunni og skjóta tilkynningu þar að lútandi til lögbærs yfirvalds, svo að hægt sé að hefja greiningartengdar rannsóknir eins skjótt og unnt er, sem gerir lögbæru yfirvaldi kleift að rannsaka sjúkdóma og tilkynna um þá og tekur til aðgangs að rannsóknarstofum, þar sem unnt er að greina og gera greinarmun á viðkomandi sjúkdómum, og tekur einnig til þjálfunar dýralækna eða sérfræðinga í heilbrigði fiska í því að greina og tilkynna um sjaldgæf sjúkdómstilvik. Slíkt hraðgreiningarkerfi skal a.m.k. byggjast á eftirfarandi:
 - 2.1. því að starfsfólk, sem starfar í eldisfyrirtækjum eða sem kemur að vinnslu, skal almennt vera meðvitað um dæmigerð einkenni tilgreindu sjúkdómanna,
 - 2.2. dýralæknum eða sérfræðingum í heilbrigði lagardýra sem eru þjálfaðir í að þekkja og tilkynna um grunsamleg sjúkdómstilvik,
 - 2.3. getu lögbærs yfirvalds til þess að rannsaka sjúkdóma á skjóttan og skilvirkan hátt,
 - 2.4. aðgangi lögbærs yfirvalds að rannsóknarstofum sem eru með aðstöðu til þess að greina viðkomandi sjúkdóm og greina hann frá öðrum sjúkdómum.
3. Skilyrði skulu vera fyrir hendi í viðskiptum og innflutningi til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn berist inn í aðildarríkið.
4. Markvisst eftirlit skal viðhaft í eldisfyrirtækjum þar sem einhverjar hinna smitnæmu tegunda eru haldnar. Ef í landinu eru svæði þar sem eftirlit með eldisfyrirtækjum eitt og sér veitir ekki nægar faraldsfræðiupplýsingar (þar sem fjöldi eldisfyrirtækja er takmarkaður), en þar fyrirfinnast villtir stofnar af einhverjum hinna smitnæmu tegunda, skal markvissa eftirlitið taka til þessara villtu stofna. Sýnatökuaðferðir og stærðir sýna skulu vera a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2001/183/EB eða viðkomandi köflum alþjóðaheilbrigðisreglna Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr og handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir á lagardýrum. Greiningaraðferðir skulu vera a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í viðkomandi köflum handbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir á lagardýrum.
5. Vinna skal eftir varnar- og útrýmingaráætlunum þar til kröfum I. viðauka er fullnægt og telja má að aðildarríki eða hlutar þess séu lausir við viðkomandi sjúkdóm.
6. Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með upplýsingum um fjölda tilvika, þar sem grunur hefur komið upp, fjölda staðfesta tilvika, fjölda eldisstöðva og -staða sem takmarkanir eiga við um, fjölda takmarkana sem hefur verið aflétt og niðurstöður úr virku eftirliti frá fyrra almanaksári samkvæmt eftirfarandi töflu.

Aðildarríki og sjúkdómur	
Fjöldi tilvika þar sem grunur hefur komið upp	
Fjöldi staðfesta tilvika	

Fjöldi eldisstöðva og -staða sem takmarkanir eiga við um	
Fjöldi tilvika þar sem takmörkunum hefur verið aflétt	
Fjöldi eldisstöðva og fiska eða kvía sem sýni hafa verið tekin úr	
Fjöldi villtra fiska eða kvía sem sýni hafa verið tekin úr og á hvaða vatnasviði	
Niðurstöður úr sýnatöku	

B. Í tilvikum þar sem grunur hefur komið upp um sjúkdóm skal opinbera þjónustustofnunin í aðildarríkjunum sjá til þess að gripið sé til eftirfarandi aðgerða:

- Viðeigandi sýni skulu tekin til rannsóknar með það fyrir augum að staðfesta tilvist viðkomandi sjúkdómsvalds.
- Á meðan beðið er niðurstöðu rannsóknarinnar, sem um getur í 1. lið, skal lögbært yfirvald hafa eldisstöðina undir opinberu eftirliti og gera skal viðeigandi varnarráðstafanir og má enginn fiskur fara úr sýktu eldisstöðinni nema opinbera þjónustustofnunin veiti til þess leyfi.
- Ef rannsóknin, sem um getur í 1. lið, staðfestir tilvist sjúkdómsvalds eða klínísk einkenni skal opinbera þjónustustofnunin hefja faraldsfræðirannsókn til þess að finna hugsanlegar smitleiðir og kanna hvort fiskur hefur farið úr eldisstöðinni á viðkomandi tímabili áður en grunstilvikið var staðfest.
- Ef faraldsfræðirannsókn leiðir í ljós að sjúkdómurinn hefur borist í eina eða fleiri eldisstöðvar eða vatn, sem er ekki afmarkað, skulu ákvæði 1. liðar gilda á þessum svæðum og
 - allar eldisstöðvar á sama vatnasviði eða strandsvæði skulu settar undir opinbert eftirlit,
 - enginn fiskur, hrogn eða svil skulu fara úr þessum eldisstöðvum nema opinbera þjónustustofnunin veiti til þess leyfi.
- Ef vatnasvið eða strandsvæði eru umfangsmikil getur opinbera þjónustustofnunin ákveðið að takmarka þessa ráðstöfun við umfangsminna svæði nálægt eldisstöðinni, þar sem grunur hefur komið upp um sýkingu, ef hún telur að það svæði tryggi best að sjúkdómurinn breiðist ekki út.

C. Í tilvikum þar sem sjúkdómurinn hefur verið staðfestur skulu aðildarríkin sjá til þess að gripið sé til eftirfarandi aðgerða:

- Takmarkanir skulu þegar í stað settar fyrir eldisstöðina eða staðinn, þar sem sýkti fiskurinn er, og enginn lifandi fiskur skal fluttur inn á athafnasvæðið og enginn lifandi fiskur fluttur úr eldisstöðinni nema opinbera þjónustustofnunin í aðildarríkinu veiti til þess leyfi.
- Viðhalda skal takmörkununum þar til búið er að útrýma sjúkdómnum, annaðhvort með því að fullnægja kröfum liðar 2.1 eða liðar 2.2 hér á eftir:
 - Allur fiskur skal tafarlaust fjarlægður með eftirfarandi aðgerðum:*
 - slátrun allra fiska undir eftirliti opinberu þjónustustofnunarinnar eða, hafi fiskurinn náð æskilegri sölustærð og sýnir engin klínísk einkenni um sjúkdóm, slátrun undir eftirliti opinberu þjónustustofnunarinnar í því skyni að setja hann á markað eða vinna hann til manneldis. Í síðara tilvikinu skal opinbera þjónustustofnunin sjá til þess að fiskinum sé tafarlaust slátrað og hann slægður og að það sé gert við skilyrði sem útiloka að sjúkdómsvaldar breiðist út. Aðildarríkin geta í hverju einstöku tilviki, að teknu tilliti til hættunnar á því að sjúkdómur berist í aðrar eldisstöðvar eða í villta stofna, leyft að fiskur, sem hefur ekki enn náð æskilegri sölustærð, sé alinn í eldisstöðinni þar til markaðsstærð er náð og
 - að eldisstöðin eða staðurinn séu tekin úr rekstri (og sóttthreinsuð ef við á) í hæfilegan tíma eftir að fiskur hefur verið fjarlægður, að teknu tilliti til liðar 1.7 í nýjustu útgáfu alþjóðaheilbrigðisreglna Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr.
 - Ráðstafanir til þess að uppræta sýkingu með yfirveguðum aðgerðum í sýktum eldisstöðvum eða -stöðum með því:*

- a) að fjarlægja og farga dauðum fiski og fiski sem sýnir klínísk einkenni um sjúkdóm, slátra fiski sem sýnir engin klínísk einkenni um sjúkdóm, þar til hver faraldsfræðieining á staðnum, sem sjúkdómur herjar á, er orðin fisklaus og sótthreinsuð eða
- b) að fjarlægja og farga dauðum fiski og fiski sem sýnir klínísk einkenni um sjúkdóm, á eldisstöðum þar sem hugsanlegt er að fjarlæging fisks og/eða sótthreinsun sé ekki gerleg vegna þess hvers eðlis staðurinn er (t.d. ef um er að ræða árkerfi eða stórt stöðuvatn).
3. Til þess að auðvelda skjóta útrýmingu sjúkdóms á sýktu athafnasvæði getur lögbært yfirvald aðildarríkis leyft að fiskur, sem sýnir engin klínísk einkenni sjúkdóms, sé fluttur – undir eftirliti lögbærs yfirvalds – til annarra eldisstöðva eða svæða innan viðkomandi aðildarríkis sem hafa ekki þá stöðu að teljast laus við sjúkdóma eða falla ekki undir samþykkt eftirlit og útrýmingaráætlun.
4. Fiski, sem er fjarlægður og fargað í framhaldi af aðgerðunum samkvæmt liðum 2.1 og 2.2, skal farga í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.
5. Fiskur, sem er notaður til þess að koma upp nýjum stofni á eldisstöðum, skal vera vottaður sem laus við sjúkdóma.
6. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að sjúkdómur berist í aðra eldisfiska eða villta stofna.

II. kafli

Yfirráðasvæði með samþykktar varnar- og útrýmingaráætlanir í tengslum við tiltekna sjúkdóma sem um getur í III. skrá í 1. dálki viðauka A við tilskipun 91/67/EEC

Sjúkdómur	Aðildarríki	Yfirráðasvæði eða hlutar yfirráðasvæðis
Vorveira í vatnakarpa	Breska konungsríkið	Stóra-Bretland
Nýrnaveiki	Finnland	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess.
	Svíþjóð	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess.
	Breska konungsríkið	Stóra-Bretland

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.